

1875

**85** 65 krónur, verða greidd herra amtmanninum úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt hjálagðri ávísun.  
15da nóvbr.

**86**

22an nóvbr.

*Brjef landshöfðingja* (til stiptsyfirvaldanna).

Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefum frá 30. f. m., og 11. þ. m. skal samþykkt, að prestur Stafholts- og Hjarðarholtssafnaðar, prófastur sira Stefán Þorvaldsson er hefur byrjað endurbyggingu Stafholtskirkju og eytt sjóði kirkjunnar til þess, en nú skortir fje til að enda við þessa byggingu — megi taka til þess allt að 600 króna lán, er leggist á prestakall það, er kirkjan fylgir, ávaxtist með 4 af hundraði árlega, og endurborgist af tekjum prestakallsins á næstkomandi 10 árum með tíunda hluta á hverju ári.

Þetta er tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

**87**

30sta nóvbr.

*Brjef landshöfðingja* (til póstmeistarans).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 13. þ. m. ritað mjer á þessa leið :

«Eptir að ráðgjafinn hafði sent innanríkisstjórninni erindi það, sem fylgdi þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 22. júlí þ. á. frá neðri deild alþingis þess, er átt var í sumar, um nokkur atriði í ferðaáætlun hins íslenska póstgufuskips, hefur nefnd stjórn skýrt frá, að samkvæmt ósk þeirri, sem sett hafi verið fram í nefndu erindi, muni á ferðaáætluninni fyrir næsta ár verða gjörð sú breyting, að komið verði við í Seyðisfirði í stað Bernfjarðar á 3 sumarferðunum, og að gert verði skipinu að skyldu samkvæmt því, er nákvæmar mun verða lagt fyrir skipstjórnann, að biða fyrir utan Seyðisfjörð allt að 3 dögum og við Vestmannaeyjar allt að 1 dögri til þess að komast að þessum stöðum; og hefur stjórnin bætt því við, að nauðsynlegt muni verða vegna þessara breytinga að sleppa komu skipsins að Granton, þannig að það í þess stað á hverri ferð komi við í Leirvík; en að það þá verði mögulegt að láta skipið samkvæmt ósk þeirri, er komið hefur fram við annað tækifæri, á 3 sumarferðunum fara ferð til Stykkishólms eptir komuna til Reykjavíkur».

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð herra póstmeistarannum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

**88**

30sta nóvbr.

*Auglýsing* um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 13. þ. m. samþykkt eptirritaðar breytingar á reglum þeim, sem gjörðar eru í 2. 7. og 8. gr. auglýsingar frá 3. maím. 1872 um setningu pósta-fgreiðslu og brjefhirðingastada, um laun fyrir sýslanir þessar og um aðal- og aukapóstferdir.

Aðalpóstferð þeirri, sem getur um í 7. gr. auglýsingar frá 3. maí 1872 milli Reykjavíkur og Ísafjarðar yfir Stykkishólm, skal breytt þannig :

a, að aðalpósturinn fari beinlinis milli Reykjavíkur og Ísafjarðar án þess að koma við á Stykkishólmi.

b, að aukapóstur gangi frá Hjarðarholti í Dalasýslu yfir Breiðabólstað á Skógarströnd til Stykkishólms og þaðan um Snæfellsness- og Hnappadalssýslur, er halda brjefhirðingarstöðunum á Búðum, Rauðkollstöðum og Stadarhrauni, aptur að Stykkishólmi og þaðan að Hjarðarholti í Dalasýslu.

c, að Strandasýslupóstur milli Bøjar og Stadar í Steingrímsfirði hætti göngu sinni og í hans stað komi aukapóstur frá Melum í Strandasýslu yfir Borðeyri og Prestsbakka að Stað í Steingrímsfirði.